

### 3. þing Korfuknattleikssambands Íslands.

Þriðja ársþing Korfuknattleikssambands Íslands var haldið sunnudaginn 17. nóvember 1963 í félagsheimili KR, við Kaplaskjólsvæg.

Þetta gerðist:

1. Þingsetning. Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, setti þingið kl. 10.30 með stuttri ræðu. Bauð hann fulltrúa velkomna, og þá sérstaklega heiðursforseta ÍSÍ, Benedikt G. Waage, sem hann bað taka sæti þingforseta á þinginu. Benedikt G. Waage varð við ósk formannsins.

2. Kosnir starfsmenn þingsins. Þingforseti er, eins og áður segir, Benedikt G. Waage, en þingritarar voru kjörnir Magnús Björnsson og Gunnar Petersen.

3. Kosnað fastar nefndir þingsins. Kjörbréfanefnd, Magnús Björnsson, Tómas Zoëga og Kristbjörn Albertsson. Fjárhagsnefnd, Einar Ólafsson, Jóhannes Sigmundsson og Tómas Zoëga. Laga- og leikreglanefnd, Einar Bollason, Garðar Einarsson og Ingi Gunnarsson. Allsherjarnefnd, Magnús Björnsson, Axel Þórarinnsson og Helgi Ágústsson.

4. Kjörbréf. Gert var smá fundarhlé á meðan kjörbréfanefnd settist á rökstóla, en að skammri stund liðinni tók til máls Magnús Björnsson, sem hafði framsögu fyrir nefndina.

Skýrði Magnús svo frá, að alls ættu 26 fulltrúar rétt á setu á þinginu, frá níu héraðssamböndum. Þorist hefðu kjörbréf 13 fulltrúa frá fjórum samböndum, en mættir til þings væru aðeins 9 fulltrúar. Kjörbréf þeirra voru í lagi og lagði kjörbréfanefnd til að kjörbréf þeirra væru samþykkt.

5. Skýrsla fráfarandi stjórnar. Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, flutti skýrslu stjórnarinnar, en skýrslunni var útbýtt á fundinum, fjölritaðri og vísast til hennar.

Formaður endaði skýrslu stjórnarinnar með nokkrum orðum, sagði að meira hefði ef til vill verið hægt að gera, talaði um þá örðugleika, sem við væri að etja, og nefndi í því tilefni fjárhagsörðugleika, þjálfaraskort og húsnæðisskort til æfinga. Enn fremur ræddi formaður um skort á korfuknattleiksvöllum til útiæfinga og skoraði á sambandsaðila að koma sér upp æfingasvæðum.

6. Skýrsla gjaldkera. Gjaldkeri, Einar Ólafsson, las upp endurskoðaða reikninga sambandsins og vísast til þeirra. Jafnframt því las gjaldkeri upp fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Nokkrar umræður urðu um reikningana og ársskýrslu, og síðan samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, tók næstur til máls. Sagðist hann ekki hafa haft tækifæri til að sækja þing Korfuk-

knattleikssambandsins áður, en þó alltaf fengið boð. Þakkaði hann stjórninni vel unnin störf, taldi einn af kostum körfuknattleiksins vera þann, að einn maður eða kona gætu hæglega eft sig í körfuköstun, sagði að á næstunni yrðu reistir tveir stórir salir í Reykjavík, sem yrðu fyrir börn á daginn en félög og fullorðnum til afnota á kvöldin, minntist á uppsetningu á körfum víðs vegar um bæinn og talaði um harðvelli úr perlumöl. Að lokum sagði Þorsteinn; Hreinleikinn í körfuknattleik, til fóta og þýninga, fylgir viss menning.

7. Tillögur. Fram voru bornar tillögur, sem öllum var vísað til nefnda, að undanskilinni tillögu, sem Einar Bollason lagði fram fyrir hönd laga- og leikreglanefndar KKI, er fjallaði um flutning milli aldursflokka. Eftir talsverðar umræður var samþykkt einróma tillaga frá Ásgeir Guðmundssyni, þess efnis að málinu yrði skotið til næstu stjórnar KKI og skyldi hún kanna gaumgæfilega málið og taka sérstaklega tillit til laga ÍSÍ, er hún tæki ákvörðun í málinu. Að öðrum tillögum verður vikið síðar í fundargerðinni.

Þinghlé.

Er tekið var til á ný kl. 14.00, bauð þingforseti framkvæmdastjóra ÍSÍ, Hermann Guðmundsson, velkominn. Færði Hermann Guðmundsson þakklæti og kveðjur frá forseta ÍSÍ, sem ekki gat komið, þar sem hann var að fara utan daginn eftir. Ræddi Hermann á við og dreif um körfuknattleik, þakkaði samstarfið við stjórnina og sagði að lokum, að hin öra þróun á körfuknattleik bærí vott um góða stjórn mála. Formaður, Bogi Þorsteinsson, þakkaði Hermann hans hlýju orð, bað hann að færa forsæta ÍSÍ kveðjur þingsins og þakkaði þá styrki, sem okkur hefðu fallið í skaut, en sagðist jafnframt vona að þeir hækkuðu. Formaður beindi síðan orðum sínum til þingsins, sagðist vilja sýna fulltrúum Tæknimerki Körfuknattleikssambandsins og tilkynnti síðan, að KKI hefði eignast sinn fyrsta æfifélaga, sem væri Benedikt G. Waage, og var honum þakkað með lófaklappi.

8. Nefndaálit. Til þingnefnda hafði verið skotið ýmsum tillögum og voru þær allar ræddar í þinghléi, og síðan skiluðu nefndir álit.

Einar Ólafsson hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd. Hafði hún fjallað um fjárhagsáætlun fráfarandi stjórnar, og lagði nefndin til að hún yrði samþykkt óbreytt. Þingið staðfesti tillögu nefndarinnar og vísast til fjárhagsáætlunarinnar, eins og hún var lögð fram fjölrituð.

Til laganefndar hafði verið skotið tillögu fráfarandi stjórnar um breytingu á 9. grein laga KKI, er fjallar um hvernig kjósa skuli stjórn sambandsins. Einar Bollason hafði framsögu og kvað hann nefndina samþykka, en lagði til, að hún yrði nokkuð aukin og samþykkti þingið tillöguna með viðauka laganefndar, og hljóðar þá 9. grein laga KKI þannig:

9. grein: Stjórn KKÍ skipa 7 menn, formaður, varaformaður, bréfritari, gjaldkeri, fundaritari, formaður laganefndar og formaður útbreiðslunefndar. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem síðan skipta með sér störfum. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn, og taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu söð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár KKÍ er miðað við 15. september.

Einar mælti einnig fyrir tillögu frá laganefnd, er svo hljóðar: Eftirfarandi breyting verði gerð á 5. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót:

"Af hverju leikkvöldi, sem aðgangur er seldur að, ber að greiða Körfuknattleiksdómarafélagi Íslands kr. 50.00 fyrir hvern leik í 1. og 2. aldursflokki."

Þingið samþykkti þessa tillögu samhljóða.

Allsherjarnefnd skilaði álitum um eina tillögu fráfarandi stjórnar, sem til hennar hafði verið skotið, og hafði Magnús Björnsson framsögu. Lagði nefndin til að tillagan yrði samþykkt óbreytt og var svo gert.

Tillagan hljóðar svo:

"Gjald fyrir leyfisbréf verði óbreytt frá fyrra ári, (þ.e. kr. 50.00 fyrir meistarflokk og kr. 25.00 fyrir 1. og 2. flokk, er taka þátt í Íslandsmeistaramóti í körfuknattleik).

9. Önnur mál. Einar Bollason bar fram fyrirspurn í sambandi við utanför landsliðsins á "Polar-Cup", hvort sambandið myndi greiða allan kostnaðinn, sem tekinn væri fram í fjárhagsáætluninni. Gjaldkeri varð til svara, sagði að þessi upphæð hefði verið sett inn á fjárhagsáætlunina, en enn væri óráðið hvað hægt yrði að gera.

Þorsteinn Hallgrímsson bar fram fyrirspurn um hvað útbreiðslunefnd hefði gert og hvað hún myndi gera. Formaður varð fyrir svörum og vísaði að mestu til skýrslu stjórnarinnar og sagði enn fremur, að félagin yrðu að sýna meiri áhuga á því litla sem útbreiðslunefnd gæti þóðið.

Jóhannes Sigmundsson tók til máls. Sagði hann að á Selfossi og nærliggjandi stöðum austanfjalls væri mikill áhugi fyrir körfuknattleik, en skortur á þjálfurum. Skoraði hann á útbreiðslunefnd að reyna sitt besta til að útvega þjálfara.

Þorsteinn Hallgrímsson stóð upp og taldi að illmögulegt væri að senda þjálfara út á land, vildi láta koma á þjálfaranámskeiði, sem yrði hagað þannig, að sem flestir utan af landsbyggðinni gætu notið góðs af, og stakk upp á að útbreiðslunefnd sæi um útgáfu á bæklingi með skýringum á leik og leikaðferðum.

10. Kosning í körfuknattleiksdómstól. Kosinn sem aðalmaður var Helgi Sigurðsson og sem varamaður Ingi Gunnarsson.

Körfuknattleiksdómstóll er því þannig skipaður:

Aðalmenn: Helgi Sigurðsson, til 3 ára,  
Þórir Guðmundsson, til 2 ára,  
Ingi Þorsteinsson, til 1 árs.

Varamenn: Ingi Gunnarsson, til 3 ára,  
Þorsteinn Hallgrímsson, til 2 ára,  
Finnbjörn Þorvaldsson, til 1 árs.

11. Kosning stjórnar KKI. Formaður fráfarandi stjórnar, Bogi Þorsteinsson, var endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

Sex menn í aðlastjórn voru kjörnir: Magnús Björnsson, Einar Ólafsson, Gunnar Petersen, Halldór Sigurðsson, Gunnar Eggertsson og Ingi Þór Stefánsson.

Varamenn voru kjörnir: Þorsteinn Hallgrímsson, Ingi Gunnarsson og Axel Þórarinnsson.

Endurskoðendur voru endurkjörnir, þeir: Þórir Guðmundsson og Helgi Sigurðsson.

12. Kosning fulltrúa á Íþróttahing ÍSÍ. Samþykkt að stjórn KKI kjósi fulltrúa á Íþróttahing ÍSÍ.

Samþykkt að fresta lestri fundargerðar og fundarriturum falið að sjá um ritun hennar og dreifingu.

Hinn nýkjörni formaður KKI, Bogi Þorsteinsson, kvaddi sér hljóðs, þakkaði það traust, sem sér væri sýnt, er hann nú enn á ný væri endurkjörinn. Þakkaði hann fráfarandi stjórnarmeðlimum gott samstarf, kvaðst vona að jafn gott samstarf yrði með nýju stjórninni, bauð varamenn velkomna að mæta á stjórnarfundum, hvenær sem þeir kæmu því við, þakkaði utanbæjarmönnum, er sóttu þingið og það þá fara kveðjur frá sambandinu og þakkaði að lokum þingforseta góða fundarstjórn.

Þingforseti, Benedikt G. Waage, tók til máls, þakkaði fráfarandi stjórn góð störf, ræddi á við og dreif um körfuknattleik og óskaði að lokum hinni nýkjörnu stjórn og öllum, sem að eflingu körfuknattleiks ynnu, allra heilla á hinu nýbyrjaða starfsári.

Sleit forseti síðan þinginu kl. 15.40.

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS.

Fjárhagsáætlun 1964.

Gjöld:

Skattur til FIBA	2.200.00
Alþjóða keppnisskýrteini	520.00
Þjálfunarkostnaður landsliðs	15.000.00
Ferðakostnaður á Pola Cup, Helsinki	112.000.00
Oddfánar og gjafir	2.500.00
Útbreiðslustarfsemi	30.000.00
Skrifstofukostnaður	7.000.00
Þjálfara- og dómaramámskeið erlendis	10.000.00
Skuldir frá fyrra ári	60.000.00
Vextir og bankakostnaður	4.000.00
	<hr/>
Kr.	243.220.00

Tekjur:

Rekstrarfé frá ÍSÍ	40.000.00
Kennslustyrkir frá ÍSÍ	30.000.00
Styrktarfélagagjöld	20.000.00
Seld keppnisskýrteini	2.000.00
Seld tæknimerki KKÍ	1.000.00
Tekjur af leikskrá	45.000.00
Tekjur af leikjum	8.000.00
Ferðastyrkir	35.000.00
Seldar leikreglur	1.000.00
Óvissar tekjur	61.220.00
	<hr/>
Kr.	243.220.00